

Þriðjudaginn 30. mars 1993.

Nr. 118/1993. **Róbert Mellk**

gegn

Sigríði Þorsteinsdóttur.

Kærumál. Innsetning. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 26. febrúar 1993, sem barst réttinum 11. mars sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. febrúar sl., þar sem kröfu sóknaraðila um innsetningu í umráð ákveðinna lausafjármuna er hafnað. Sóknaraðili krefst þess aðallega, að umbeðin aðfarargerð nái fram að ganga, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðila hefur ekki verið skilað greinargerð fyrir Hæstarétti.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að varnaraðili hafi ekki öðlast rétt til að halda eignum sóknaraðila í sínum vörslum, þótt þau hafi haldið sameiginlegt heimili um skamman tíma. Sóknaraðili gat því samkvæmt 78. gr. aðfararlaga nr. 90/1989 beint því til héraðsdómara að fá vörslur þeirra með aðfarargerð. Átti héraðsdómari þá að fara með beiðnina að fyrirmælum 13. kafla sömu laga. Þar sem varnir komu fram af hálfu varnaraðila, bar honum að veita aðilum stuttan frest til greinargerðar. Einnig bar honum samkvæmt 3. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 84. gr. laga nr. 90/1989, að kosta kapps um, að yfirlýsingar varnaraðila varðandi eignarhald munanna yrðu sem gleggstar, en á það skortir mjög. Þar sem héraðsdómari gætti þessa ekki, ber að ómerkja hinn kærða úrskurð og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. febrúar 1993.

I.

Mál þetta, sem þingfest var 3. febrúar 1993, var tekið til úrskurðar 11. sama mánaðar að loknum munnlegum málflutningi.

Gerðarbeiðandi er Róbert Mellk, kt. 250848-8119, Hringbraut 115, Reykjavík, en gerðarþoli Sigríður Þorsteinsdóttir, kt. 240949-2619, Kaplaskjólsvogi 69, Reykjavík.

Gerðarbeiðandi krefst dómsúrskurðar um, að eftirtaldir lausafjármunir verði með beinni aðfarargerð teknir úr vörslum gerðarþola, „þar sem þeir eru á heimili hans að Kaplaskjólsvogi 69, Reykjavík,“ og fengnir sér:

Gerðarbeiðandi krefst málskostnaðar úr hendi gerðarþola, sem taki mið af gjaldskrá LMFÍ og reglum um virðisaukaskatt.

Gerðarþoli gerir eftirfarandi dómkröfur:

1. að úrskurðað verði, að umbeðin gerð nái ekki fram að ganga,
2. að gerðarbeiðanda verði gert að greiða gerðarþola málskostnað, er taki mið af gjaldskrá LMFÍ. Þá er þess krafist, að málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti skv. ákv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 og á málskostnaðarfjárhæðina falli virðisaukaskattur.

II.

Málavextir.

Aðilar héldu um nokkurn tíma á árinu 1992 sameiginlegt heimili. Svo virðist sem gerðarbeiðandi hafi skilið eftir hjá gerðarþola sumar eigur sínar, þegar sambúð þeirra lauk. Ágreiningur er um, hvort gerðarþola sé skylt að afhenda gerðarbeiðanda þessa muni, og jafnframt, hverjir þeir séu.

III.

Gerðarþoli heldur því fram, að ekki séu allir þeir munir, sem gerðarbeiðandi krefst afhendingar á, í vörslum gerðarþola, þ. e. gerðarþoli kannast ekki við þá alla, en „aðra telur gerðarþoli sína eign, suma sameiginlega eign þeirra og aðra ef til vill eign gerðarbeiðanda“. Þá er því haldið fram af hálfu gerðarþola, að hér sé um að ræða muni að einhverju leyti, sem verið hafi á sameiginlegu heimili aðila og þeim báðum til afnota, meðan sambúð varaði, og því sé ekki um augljósan rétt gerðarbeiðanda að ræða til að fá þá afhenta með beinni aðfarargerð.

Þá telur gerðarþoli kröfu gerðarbeiðanda ekki úrskurðarhæfa og andstæða ákvæðum 78. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, þar sem hún sé ekki studd neinum sýnilegum gögnum, heldur aðeins fullyrðingum gerðarbeiðanda um, að hann eigi þá muni, sem hann krefst, að gerðarþoli afhendi sér.

Af hálfu gerðarþola er einnig haldið fram, að um gagnkröfur sé að ræða á hendur gerðarbeiðanda, málið ætti allt að skoðast í heild, og ekki ætti að taka eina sér fyrir kröfu gerðarbeiðanda um afhendingu einstakra muna, sem hugsanlega kynnu að vera í vörslum gerðarþola, meðan annað varðandi fjárskipti þeirra sé ófrágengið.

Gerðarbeiðandi heldur fram, að réttur sinn til að fá framangreindar eignir afhentar sér með beinni aðfarargerð sé ótvíræður, enda sé hér um persónulegar eignir sínar að ræða, sem gerðarþoli eigi ekkert tilkall til, þótt gerðarþoli þessa máls hafi haldið heimili með sér nokkra mánuði á síðasta ári. Ekki verði ætlast til, að hann framvísi skriflegum skilríkjum um þessa muni, því að að svo miklu leyti sem slíkir pappírar séu til, sé þá að finna meðal eigna sinna í vörslum gerðarþola.

Þá er því haldið fram af hálfu gerðarbeiðanda, að með því að gerðarþoli hafi ekki svarað skilmerkilega, heldur færst undan þeirri spurningu sinni við þingfestingu málsins, hvort gerðarbeiðandi væri sannarlega ekki eigandi umkrafinna muna í vörslum gerðarþola, hafi gerðarþoli viðurkennt rétt sinn að nokkru leyti, enda hafi gerðarþoli játað, að hluti umkrafinna muna væri eign gerðarbeiðanda, án þess að vilja skilgreina þá nánar.

Að síðustu heldur gerðarbeiðandi því fram, að brýnni þörf sín til að fá persónulegar eigur sínar afhentar fram yfir hugsanlegan haldsrétt gerðarþola eigi nokkru að ráða um framgang innsetningargerðar.

IV.

Gerðarþoli hefur ekki öðlast rétt til að halda eigum gerðarbeiðanda í sínum vörslum, þótt aðilar hafi haft um tíma sameiginlegt heimili og gerðarþoli á þeim tíma haft einhver afnot af eigum gerðarbeiðanda. Á hinn bóginn er ekki ljóst af skriflegum gögnum málsins, hverjar þessar eignir eru án nokkurs vafa, og er aðfararbeiðnin sjálf ekki heldur nægilega skýrt orðuð að þessu leyti. Því verður ekki að svo komnu, án þess að skýr viðurkenning liggi fyrir frá gerðarþola, hvaða eignir það eru nákvæmlega, sem gerðarþoli hefur undir höndum, af þeim, sem gerðarbeiðandi á, komið við beinni aðfarargerð.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Umkrafin aðfarargerð nær ekki fram að ganga. Málskostnaður fellur niður.